

Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Birgissonar um skuldbindingar sveitarfélaga vegna einkaframkvæmda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar voru skuldbindingar sveitarfélaga vegna einkaframkvæmda (eignar- eða rekstrarleigu) á núvirði um síðustu áramót, sundurliðað eftir sveitarfélögum?

Samkvæmt reglugerð nr. 944/2000, um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, með síðari breytingum, ber sveitarfélögum að senda ársreikninga sína til félagsmálaráðuneytisins og Hagstofu Íslands strax að lokinni samþykkt þeirra, en þó eigi síðar en 15. júní ár hvert. Ársreikningar 2004 hafa ekki enn borist ráðuneytinu og því var ekki unnt að taka saman upplýsingar um skuldbindingar sveitarfélaga vegna einkaframkvæmda um síðustu áramót. Upplýsingar í eftirfarandi töflu eru því úr ársreikningum 2003 og eru á verðlagi marsmánaðar 2005. Í töflunni koma fram upplýsingar, sundurliðaðar eftir sveitarfélögum, um skuldbindingar sveitarfélaga vegna einkaframkvæmda.

Skuldbindingar vegna eigna- eða rekstrarleigusamninga.

Svfnr.	Nafn	Þús. kr.
0	Reykjavíkurborg	2.817.083
1000	Kópavogsbær	53.235
1100	Seltjarnarnesbær	1.995
1400	Hafnarfjarðarbær	3.499.405
1604	Mosfellsbær	0 ¹
2000	Reykjanesbær	4.200.214
2300	Grindavíkurbær	0 ²
3000	Akraneskaupstaður	24.255
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	9.975
5609	Höfðahreppur	735
7502	Vopnafjarðarhreppur	12.390
8716	Hveragerðisbær	0 ³
	Samtals	10.619.287

1. Sveitarfélagið hefur gert samning um leigu á húsnæði fyrir tónlistarskóla til ársins 2015, núvirði samningsgreiðslna kemur ekki fram í ársreikningi 2003 en á árinu 2003 voru greiddar um 7,9 millj. kr. samkvæmt samningnum.

2. Sveitarfélagið hefur gert samning um leigu á húsnæði fyrir leikskóla sem gildir út árið 2029, núvirði samningsgreiðslna kemur ekki fram í ársreikningi 2003 en á árinu 2003 voru greiddar um 6,8 millj. kr. samkvæmt samningnum.

3. Í ársreikningi sveitarfélagsins 2003 eru tíundaðar greiðslur vegna rekstrarleigusamninga af tækjum en ekki kemur fram hve há skuldbindingin er vegna þeirra.